

1931

Fimmtudaginn 30. maí 1996.

Nr. 65/1995.

Snorri Ólafsson

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Gylfa Gunnarssyni

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Lausafjárkaup. Aðild. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramennir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Sigurður Línadal, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. febrúar 1995. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 4.534.301 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. ágúst 1990 til greiðsludags. Hann krefst enn fremur málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakið, hvernig rekstri málsins hefur verið háttað, en ágreiningsmálum, sem risið hafa um framgang þess, hefur oftsinnis verið skotið til Hæstaréttar með kæru.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að skiptum á þrotabúi Bakkalax hf. væri ekki að fullu lokið, en bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta 7. október 1991.

II.

Málsaðila greinir á um, hvort samningur hafi komist á haustið 1987 um kaup Mánalax, einkafyrirtækis stefnda, á 27-28.000 laxaseiðum. Verði talið, að kaupin hafi komist á, ber stefndi jafnframt fyrir sig, að viðsejandi sinn hafi verið Bakkalax hf., en ekki einkafyrirtæki áfrýjanda, Bakkalax.

Orðalag móttökukvittunar þeirrar, dagsettrar 16. september 1987, sem getur í héraðsdómi, rennir stoðum undir, að munnlegur samningur hafi áður komist á um kaupin, en í kvittuninni er meðal ann-

ars kveðið á um, hvert sé „umsamið verð“ hvers laxaseiðis. Að þessu virtu og að öðru leyti með vísan til forsendna í hinum áfrýj-aða dómi verður staðfest sú niðurstaða hans, að samningur um kaup á laxaseiðum hafi komist á haustið 1987, þótt ekki sé ljóst að öllu leyti, hvert efni hans var.

III.

Svo sem lýst er í héraðsdómi, hefur málatilbúnaður áfrýjanda verið á reiki um það, hver hafi verið seljandi laxaseiðanna í viðskiptunum við stefnda. Í upphaflegu máli, er áfrýjandi höfðaði, var því haldið fram, að seljandi hefði verið Bakkalax hf., en í máli þessu er gert ráð fyrir því, að Bakkalax, einkafyrirtæki áfrýjanda, hafi selt seiðin og eignast kröfu til kaupverðs þeirra. Þá hafa yfirlýsingar áfrýjanda um meðferð á tryggingarbréfi því, sem stefndi afhenti eftir móttöku seiðanna, verið mjög misvísandi um það, hvort hlutafélagið eða áfrýjandi sjálfur hafi átt hlut að máli hverju sinni. Gætti meðal annars mikils ósamræmis milli þeirra skýringa, sem hann gaf um þetta fyrir dómi 24. nóvember 1994 og þeirra, sem hann hafði áður gefið, er hann kom fyrir dóm 26. janúar 1994.

Með vísan til forsendna héraðsdóms telst sannað, að Bakkalax hf. hafi í ágúst 1990 leyst til sín umrætt tryggingarbréf í Landsbanka Íslands á Selfossi, en ekki áfrýjandi sjálfur, svo sem hann hélt fram, er hann kom fyrir dóm hið fyrra sinn. Hefur áfrýjandi ekki stutt það neinum gögnum, að hann hafi þá eða síðar eignast kröfu til andvirðis hins selda frá hlutafélaginu með greiðslu til þess, svo sem hann heldur nú fram. Óvottfest framsal, dagsett 23. ágúst 1990, veitir því ekki sönnun að þessu leyti, enda fær það að auki ekki samrýmst innheimtubrési lögmanns 24. ágúst 1990, sem fyrir hönd Bakkalax hf. krafði með því stefnda um greiðslu vegna kaupanna.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur. Verður áfrýjandi jafnframt dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Snorri Ólafsson, greiði stefnda, Gylfa Gunnarsyni, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Austurlands 22. desember 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 22. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-12/1992: Snorri Ólafsson gegn Gylfa Gunnarsyni.

Málið var þingfest á bæjarþingi Neskaupstaðar 14. maí 1992, en dómtekið í Héraðsdómi Austurlands 24. nóvember sl. að loknum munnlegum málflutningi.

I. Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda, Snorra Ólafssonar, Stekkholti 10, Selfossi, kt. 290844-4289, eru þær, að stefndi, Gylfi Gunnarsson, Strandgötu 62, Neskaupstað, kt. 270740-2789, verði dæmdur til að greiða stefnanda „skuld, að fjárhæð 4.534.301 kr., auk dráttarvaxta [...]“. Þá verði stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað [...].

Stefndi krefst þess að vera dæmdur sýkn af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu ásamt virðisaukaskatti á málskostnað.

II. Um rekstur málsins.

Stefndi sótti þing í upphafi og skilaði greinargerð í málinu 20. janúar 1993. Samkvæmt greinargerð stefnda var aðalkrafa hans, að málinu yrði vísað frá dómi.

Útivist varð hins vegar af hálfu stefnda í þinghaldi 22. febrúar 1993, er fara átti fram málflutningur um frávísunarkröfu hans. Af hálfu stefnanda var eigi að síður óskað eftir, að málið yrði tekið til efnismeðferðar, þar sem hann þyrfti að rökstyðja mál sitt frekar með vitnaskýrslum. Fyrir mistök dómsins kom fram í endurriti frá því þinghaldi, að krafan um frávísun væri tekin til úrskurðar, en bæði lögmaður stefnanda og dómari höfðu eðlilega þann skilning, að stefndi hefði með útivist fallið frá kröfu um frávísun. Hins vegar tók héraðsdómari sér frest til að taka afstöðu til fram kominna óska stefnanda um yfirheyrslur fyrir dómi. Með bréfi dómsins, dagsettu 3. mars 1993, var fallist á það af hálfu dómsins að freista þess að halda málinu áfram, kæmi ósk um það frá stefnanda, þannig, að stefndi yrði að nýju boðaður til þinghalds um frávísunarkröfu sína, en ella yrði málið tekið til dóms að fenginni skriflegri sókn. Var málið síðan tekið til dóms að fenginni skriflegri sókn 26. apríl 1993. Með úrskurði dómsins, upp kveðnum 11. júní 1993,

var málinu vísað frá dómi án kröfu, sbr. framansagt. Sá úrskurður var kærður til Hæstaréttar Íslands, og með dómi Hæstaréttar 9. september sl. var „hinn kærði úrskurður ómerktur og meðferð málsins frá og með 22. febrúar 1993 og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar“. Þá var varnaraðila gert að greiða sóknaraðila kærumálskostnað.

Í samræmi við dóm Hæstaréttar Íslands var málið tekið fyrir að nýju 23. febrúar 1993 og ákveðin aðalmeðferð 8. desember 1993 í því skyni að gefa stefnanda kost á að koma fyrir dóm til skýrslugjafar og leiða vitni. Vegna löglegra forfalla stefnanda fór aðalmeðferð eigi fram fyrr en 26. janúar 1994. Gaf stefnandi þá skýrslu og vitnið Finnur Garðarsson, fiskifræðingur og fyrrverandi framkvæmdastjóri Fiskeldisfélagsins Strandar hf. Í því þinghaldi fékk stefnandi frest til 10. febrúar sl. til að skila að nýju inn skriflegri sókn, og var málið tekið til dóms þann dag að lokinni framlagningu sóknarinnar.

Með úrskurði Héraðsdóms Austurlands 3. mars 1994 var málinu að nýju vísað frá dómi ex officio, þar sem dómara þóttu gögn málsins og fullyrðingar stefnanda misvísandi um, við hvern stefndi hefði átt viðskipti, svo að ekki væri unnt að sjá, milli hverra viðskiptin hefðu orðið. Stefnandi kærði þann úrskurð til Hæstaréttar Íslands. Í dómi Hæstaréttar 29. apríl 1994 segir m. a., að stefnandi hafi fengið tækifæri til að varpa ljósi á þessi viðskipti fyrir sitt leyti með nýjum gögnum, aðilaskýrslu og vitnaleiðslu. Þá hafi hann leitast við að skýra breyttan málatalibúnað sinn um hlut fyrirtækja sinna í viðskiptunum, og fyrir liggi framsal frá Bakkalaxi hf. til stefnanda persónulega, dagsett 23. ágúst 1990. Við svo búið og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins séu skilyrði til þess, að héraðsdómari taki efnislega afstöðu til málatalibúnaðar aðila. Beri því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið upp að nýju til löglegrar meðferðar. Kærumálskostnaður var ekki dæmdur, en varnaraðili lét ekki málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Málið var því tekið fyrir að nýju í Héraðsdómi Austurlands 26. maí 1994, og var þá kveðinn upp dómur, þar sem fallist var á kröfur stefnanda og stefnda gert að greiða stefnanda 350.000 kr. í málskostnað.

Með úrskurði Héraðsdóms Austurlands 15. júlí 1994, sem staðfestur var af Hæstarétti 16. september 1994, var málið endurupptekið. Við aðalmeðferð málsins 24. nóvember sl. gáfu skýrslur fyrir dóminum Vífill Búason bóndi, Ferstiklu, Sigurlína Guðmundsdóttir, starfsmaður Landsbanka Íslands, Selfossi, og Jakob Havsteen hdl. Þá gaf stefnandi aftur skýrslu, en stefndi gat ekki gefið skýrslu vegna veikinda. Ekki var þó óskað eftir því, að málinu yrði frestað þess vegna. Málið var síðan tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi.

III. Málavextir.

Stefnandi gerir þá grein fyrir málavöxtum, að hann hafi höfðað mál á hendur stefnda vegna sama sakarefnis með stefnu, út gefinni 13. júní 1991, og hafi það mál verið þingfest á bæjarþingi Neskaupstaðar 27. júní 1991, en vísað frá með dómi 19. nóvember 1991, sem staðfestur hafi verið með dómi Hæstaréttar 7. febrúar 1992.

Helstu atvik málsins kveður stefnandi vera þau, að 16. september 1987 hafi orðið samkomulag um, að einkafirma stefnda, Mánalax, keypti laxaseiði af einkafirma stefnanda, Bakkalaxi. Segir stefnandi, að árið 1987 hafi stefnandi fyrir hönd einkafirma síns, Bakkalax, og stefndi fyrir hönd einkafirma síns, Mánalax, átt í viðskiptum með laxaseiði, sem stefnandi hafi haft í geymslu hjá Fiskeldisfélaginu Strönd hf. í Hvalfirði. Stefnandi kveður samkomulag hafa verið gert um það, að stefndi keypti af sér um það bil 28.000 laxaseiði. Hinn 16. september 1987 hafi 8.436 seiði verið afhent stefnda, sem hafi flutt þau til Neskaupstaðar, en um það bil 20.000 seiði hafi verið flutt á vegum stefnda í fyrri hluta októbermánaðar til áframhaldandi eldis í sjókvíum við bæinn Ferstiklu í Hvalfirði. Stefnandi heldur því fram, að umsamið kaupverð fyrir seiðin hafi verið 2.000.000 kr. Til tryggingar greiðslum hafi stefndi sent stefnanda veðskuldabréf nr. 24152, út gefið til handhafa 10. október 1987 af stefnda og Ásdísi Hannibalsdóttur f. h. Steypusölunnar hf. Skuldabréfið hafi upphaflega verið að fjárhæð 2.000.000 kr. og skyldi greitt 10. janúar 1989. Það hafi verið með lánskjaravísitölu og borið hæstu vexti skuldabréfa Landsbanka Íslands á hverjum tíma frá útgáfudegi. Stefnandi kveðst hafa framselt Landsbankanum á Selfossi skuldabréfið, en þurft að leysa það til sín að nýju 23. ágúst 1990, þar sem ekkert hafi verið greitt af bréfinu. Innlausnarverð skuldabréfsins sé stefnufjárhæð máls þessa, 4.534.301 kr.

Í fram lagðri greinargerð hefur stefndi lýst málavöxtum svo, að hann hafi átt í samningaviðræðum við Bakkalax hf., en ekki stefnanda, um viðskipti og hugsanlegt samstarf um fiskeldi árið 1987, nema stefnandi hafi verið fyrirvarsmaður Bakkalax hf. Stefndi kveður samning aðila aldrei hafa orðið að veruleika og skuld sú, sem stefnt sé út af í máli þessu, því aldrei orðið til. Stefndi heldur því fram, að þrír aðilar hafi ætlað að standa sameiginlega að eldi seiða í Hvalfirði, þar sem Bakkalax hf. legði fram seiðin, stefndi legði fram fóður, kvíar og net og Vífill Búason bóndi, Ferstiklu, legði fram vinnu við fóðrun. Sú samvinna hafi þó aldrei komist nema á frumstig, þar sem ís hefði eyðilagt kvíarnar og seiðin ýmist sloppið eða drepist vegna óvenjumikils sjávarkulda. Stefndi mótmælir því sérstaklega að hafa keypt seiði af stefnanda eða veitt þeim viðtöku.

Rétt þykir að rekja nokkuð sum skjöl málsins.

Umrætt samkomulag eða móttökukvittun frá 16. september 1987 hljóðar svo: „Í dag hefur Mánalax, Norðfirði, móttengið 8436 st. laxaseiði frá Bakkalaxi af ísno-stofni.

Seiðin eru afhent hjá Fiskeldisfélaginu Strönd hf., Hvalfjarðarströnd. Umsamið verð 80 kr. stk. Þessi seiði eru hluti af ca. 27-28.000 seiða magni, sem Mánalax tekur síðar samkvæmt samkomulagi.

Afh. f. h. Bakkalax: Snorri Ólafsson (sign).

Mótt. f. h. Mánalax: Gylfi Gunnarsson (sign).“

Samkvæmt áritun á nefndu skuldabréfi nr. 24152 framseldi stefnandi persónulega skuldabréfið Landsbanka Íslands 3. nóvember 1987 og tókst jafnframt á hendur fulla sjálfskuldarábyrgð á bréfinu ásamt öllum kostnaði, er leiða kynni af vanskilum þess. Á bréfið var einnig ritað um innlausn: „Skuldabréfið er innleyst af Bakkalaxi hf., Bakka II, Ölfusi. C/o Snorri Ólafsson.

23. ág. 1990.

LANDSBANKI ÍSLANDS

Útibúið á Selfossi.“

Undir innlausnina eru ritaðir upphafsstafir starfsmanns bankans.

Í gögnum málsins liggur frammi skjal eða framsal, dagsett 23. ágúst 1990, en í því segir: „Bakkalax hf., Eyrarvegi 37, Selfossi, framselur hér með hr. framkvæmdastjóra, Snorra Ólafssyni, kt. 290844-4269, Stekkholti 10, Selfossi, kröfur Bakkalax hf. á hendur hr. Gylfa Gunnarssyni, kt. 270740-2789, Neskaupstað, og Mánalaxi, sama stað, samkvæmt samningi Bakkalax hf. og Mánalax, dags. 16. september 1987, þar sem Bakkalax hf. selur Mánalaxi laxaseiði, og einnig með vísan til veðskuldabréfs vegna umræddrar sölu, út gefins af Steypustöðinni hf., Neskaupstað, 10. október 1987, upphaflega að fjárhæð 2.000.000 kr., en nú innleyst af hr. Snorra Ólafssyni í Landsbanka Íslands, Selfossi, með 4.534.301 kr.

Umræddar kröfur eru framseldar hr. Snorra Ólafssyni til fullrar eignar og umráða.

F. h. Bakkalax hf.,

Snorri Ólafsson (sign).“

VI. Málsástæður og lagarök

Stefnandi kveður stefnda hafa rekið Mánalax sem einkafirma, og beri hann því ótakmarkaða og persónulega ábyrgð á skuldum firmans. Stefnandi sé handhafi nefnds veðskuldabréfs, sem hann hafi leyst til sín, auk þess sem hann „fékk kröfur Bakkalax á hendur Mánalax framseldar“, eins og

segir í stefnu, en Mánalax hafi ekki haft sérstaka kennitölu. Stefndi hafi gefið skuldabréfið út til handhafa og afhent stefnanda bréfið þannig til tryggingar greiðsluskuldbindingum sínum um skil Mánalax á umræddum kaupum. Tilraun stefnda til að tryggja skuld sína við stefnanda með áður-nefndu skuldabréfi hafi mistekist. Umsamið kaupverð laxaseiðanna sé því í vanskilum. Hin veðsetta fasteign skv. skuldabréfinu hafi verið seld á nauðungaruppbóði, án þess að nokkuð hafi fengist upp í skuld skv. skuldabréfinu. Stefndandi hafi því þurft að innleysa skuldabréfið með stefnuþjárhæðinni, og krafist sé dráttarvaxta frá innlausnardegi. Stefndandi heldur því fram, að stefnuþjárhæðin sé í samræmi við skilmála skuldabréfsins, og þeir skilmálar hafi verið lagðir til grundvallar umræddum viðskiptum. Vegna misskilnings milli stefnanda og Landsbanka Íslands hafi innlausnin verið skráð á Bakkalax hf., og því hafi verið gefið út framsal 23. ágúst 1990 af hálfu Bakkalax hf., þar sem m. a. sé tekið fram, að umrætt veðskuldabréf hafi verið innleyst í Landsbanka Íslands, Selfossi, af stefnanda þessa máls, og séu allar kröfur það varðandi framseldar honum til fullrar eignar og umráða. Því hafi stefndandi að nýju orðið eigandi umrædds veðskuldabréfs, eða tekin hafi verið af öll tvímæli um, að það sé stefndandi sjálfur, sem sé eigandi kröfunnar.

Í gögnum málsins sé móttökukvittun, dagsett 16. september 1987, þar sem stefndandi fyrir hönd Bakkalax afhendi og stefndi fyrir hönd Mánalax kvitti fyrir viðtöku 8.436 laxaseiða frá Bakkalaxi. Umsamið verð sé skv. kvittuninni 80 kr. fyrir hvert seiði.

Um lagarök vísar stefndandi „m. a. til reglna á sviði fjármunaréttar, einkum kröfu- og samningaréttar, sbr. hér ákvæði laga nr. 39/1922 og laga nr. 7/1936“.

Stefndi reisir sýknukröfu sína einkum á því, að stefndandi sé ekki réttur aðili að málshöfðun þessari, eins og sjá megi af gögnum málsins. Hlutfélagið Bakkalax hf. hafi verið stofnað 22. desember 1986 og tekið við öllum rekstri Bakkalax, einkafirma um það leyti. Því sé það rangt, sem haldið sé fram í málatilbúnaði stefnanda, að félagið hafi verið stofnað ári síðar og þá tekið við rekstri. Talsverður munur sé á málatilbúnaði stefnanda nú og í hinu fyrra máli vegna sömu lögskipta. Í fyrri stefnu sé því haldið fram, að stefndi hafi gert samning við hlutfélagið Bakkalax, en í síðari stefnu sé þessu breytt í þá veru, að stefndi hafi keypt seiði af einkafirma stefnanda, Bakkalaxi. Þessi breyting á málatilbúnaði stangist illa á við það, sem komi fram í skjölum málsins, þar sem m. a. komi fram á fram lögðu dómskjali frá stefnanda, að stefndandi hafi fengið kröfuna framselda frá hlutfélaginu Bakkalaxi, sem stefndandi segi aldrei hafa átt aðild að kröfunni. Þá komi

fram á sama dómskjali, sem undirritað sé af stefnanda sjálfum, að Bakkalax hf. hafi selt seiðin. Einnig komi fram á nefndu skuldabréfi, að hlutafélagið Bakkalax hafi leyst til sín bréfið frá Landsbanka Íslands, eftir að í ljós hafi komið, að ekkert hafi fengist greitt upp í það við sölu hinnar veðsettu eignar. Samkvæmt innheimtubréfi lögmanns stefnanda frá 24. ágúst 1990 séu innheimtuaðgerðir hafnar í nafni hlutafélagsins Bakkalax, en ekki Bakkalax einkafirma, og hafi hið fyrra dómsmál verið rekið á þeim forsendum. Þá hafi stefnandi ekki lagt fram samning til stuðnings fullyrðingum sínum.

Í annan stað styður stefndi sýknukröfu sína því, að skuld sú, sem stefnt sé út af, hafi aldrei orðið til, þar sem samningur um kaup á umræddum seiðum hafi aldrei orðið að veruleika. Einungis hafi verið afhent skuldabréf til tryggingar viðskiptum, sem hófust og fyrirhugað hafi verið framhald á, en ekkert orðið úr. Viðurkennt sé í málsskjölum stefnanda, að um tryggingarbréf hafi verið að ræða, og er áskilnaður gerður um framlagningu gagna úr þrotabúi Bakkalax hf. um sönnun á ferli kröfu þessarar úr þrotabúi Bakkalax hf.

Í skriflegri sókn stefnanda, sem lögð var fram í réttinum 10. febrúar sl., ítrekar stefnandi rök sín, kveður afhendingu seiðanna sannanlega hafa farið fram og vísar til framburðar stefnanda sjálfs fyrir dómi og vitnisins Finns Garðarssonar, framkvæmdastjóra Fiskeldisfélagsins Strandar hf., og ljósrita úr dagbók Strandar hf., sem stefnandi kveður hafa verið lögð fram í málinu, en það var ekki gert. Stefnandi hafi selt skuldabréfið persónulega Landsbanka Íslands. Engar kvartanir hafi komið fram af hálfu stefnda um seiðasöluna eða afhendinguna, og með því að falla frá þingsókn hafi stefndi viðurkennt, að viðskiptin hafi farið fram með þeim hætti, sem stefnandi haldi fram. Sýknukrafa stefnda vegna aðildarskorts eigi ekki við, þar sem einkafirma stefnanda, Bakkalax, hafi verið í rekstri, er viðskiptin urðu. Hins vegar hafi það verið fyrir mistök, að Bakkalaxi hf. hafi verið ruglað inn í viðskipti þessi í fyrri málatilbúnaði, og því hafi stefnandi höfðað mál að nýju. Um framangreint skjal, „þar sem stefnandi framselur f. h. Bakkalax hf., þá var gerð framsals þess gerð fyrir mistök og hefur nú leiðrétting varðandi það komið fram“, eins og segir sókninni, og vísar stefnandi í aðilaskýrslu sína, stefnu og greinargerð. Ekki skipti máli rekstur Bakkalax hf. á umræddum tíma á laxeldisstöð í Þorlákshöfn, er Bakkalax einkafirma hafi áður rekið. Umrædd laxaseiði í Hvalfirði hafi aldrei verið eign laxeldisstöðvar Bakkalax hf., enda hafi Bakkalax hf. ekki tekið við öllum rekstri einkafirmans Bakkalax. Umrætt skjal, þar sem bókuð sé viðtaka á laxaseiðunum, sé einnig samningur aðila um viðskiptin. Sú málástæða stefnda, að þrír aðilar hafi ætlað að standa að eldi seiðanna í Hvalfirði, hafi enga þýð-

ingu varðandi stefnanda, sem staðið hafi við sinn hluta samningsins, og hafi Bakkalax hf. aldrei ætlað að standa að eldi seiðanna, eins og stefndi haldi fram. Stefnanda sé vel kunnugt um þetta, þar sem hann hafi verið í forsvari fyrir Bakkalaxi hf. á þessum tíma. Þá hafi ekki verið gerð tilraun af hálfu stefnda til að sýna fram á, að stefndi hafi sinnt skyldum sínum um greiðslu.

Í beiðni stefnda um endurupptöku málsins komu fram sömu málsástæður og í greinargerð hans. Þá kveðst stefndi geta lagt fram gögn, sem sýni, að Bakkalax hf., en ekki stefnandi, hafi innleyst það skuldabréf, sem krafist sé greiðslu á í þessu máli, og því séu fullyrðingar stefnanda um misskilning milli sín og Landsbankans á Selfossi um innlausnina rangar að öllu leyti. Stefnandi hafi ekki greitt Landsbankanum á Selfossi né öðrum fyrir innlausnina, heldur sé aðild hans að málinu uppspuni frá rötum, og hann hafi aldrei verið eigandi kröfunnar.

IV.

Eftir endurupptöku málsins voru lögð fram nokkur ný gögn um afdrif áðurnefnds skuldabréfs nr. 24152, út gefins af Steypusölunni hf., sem eiga að vera til sönnunar fyrir viðskiptum aðila. Auk þess gáfu ný vitni skýrslur fyrir dómi, en áður í þinghaldi 26. janúar sl. hafði einungis vitnið Finnur Garðarsson gefið skýrslu og stefnandi sjálfur.

Vitnið Finnur Garðarsson kvað 27.000-28.000 laxaseiði hafa verið flutt í ker í eigu stefnda eða Mánalax. Seiðin hafi fram að afhendingu verið í geymslu hjá Strönd hf., en starfsmenn Strandar aðstoðað við flutning seiðanna á vörubifreið og á milli kera. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt, hvort seiðin hefðu verið í eigu einkafirma stefnanda eða Bakkalax hf., en telja, að Bakkalax hf. hafi átt seiðin og selt þau stefnda.

Vitnið Vífill Búason kvað seiðin hafa verið í vanhirðu heilt sumar, og hafi mönnum þótt leitt að bjarga þeim ekki fyrir veturinn. Hafi stefndi komið að máli við vitnið og spurt, hvort vitnið vildi hirða um seiðin, ef svo verkaðist, að samkomulag yrði um að koma fiskinum í betri kví. Vitnið kvaðst hafa aðstoðað stefnda við að færa seiðin úr kví stefnanda yfir í kví stefnda, og hafi það tekist með naumindum, áður en kví stefnanda hafi liðast í sundur. Vitnið kvaðst hafa fódrað seiðin í samvinnu við stefnda. Vitnið kvað sér þó vera ókunnugt um viðskipti stefnanda og stefnda að öðru leyti og ekki vita, hvort það hefði verið stefnandi eða hlutafélagið Bakkalax, sem hefði afhent seiðin.

Vitnið Sigurlína Guðmundsdóttir kvaðst hafa starfað í Landsbanka Íslands, Selfossi, síðastliðið tuttugu og eitt ár, þar af við útlánadeild bankans sl. níu ár og sem þjónustustjóri þar sl. tvö ár. Vitnið kvaðst hafa í starfi sínu

annast viðskipti Landsbankans við Bakkalax hf. Vitnið kvaðst hafa verið sá starfsmaður bankans, sem séð hefði um að árita um innlausn á títtnefnt veðskuldabréf nr. 24152. Kvað vitnið hlutafélagið Bakkalax hafa innleyst bréfið 23. ágúst 1993. Hefði uppgjör orðið með þeim hætti, að skuldabréf nr. 24152 hefði verið greitt með öðru skuldabréfi, er Atvinnutryggingasjóður útflutningsgreina hefði gefið út 13. ágúst 1990, að fjárhæð 9.000.000 króna. Hefði Bakkalax hlutafélag verið lántakandi hjá Atvinnutryggingasjóði skv. því bréfi, og hefði skuldabréfið frá sjóðnum einnig runnið til greiðslu annarra skulda Bakkalax hf. við Landsbankann á Selfossi. Vitnið kvaðst hafa meðhöndlað skuldabréfið nr. 24152 skv. mjög skýrum fyrirmælum frá yfirboðara sínum, og skv. upplýsingum yfirboðarans hefði bréfið verið eign Bakkalax hf. Vitnið staðfesti nafnritun sína undir innlausn skuldabréfsins og kvaðst ekki telja, að mistök hefðu verið gerð við áritun á bréfið um innlausn þess, heldur hefði innlausnin gerst með tíðkanlegum hætti. Þá staðfesti vitnið einnig bréf frá Landsbankanum, dagsett 8. ágúst 1990, til Bygðastofnunar, undirritað af vitninu, þar sem fram kemur, að skuldabréf nr. 24152, þá að fjárhæð 4.477.687,90 kr., var ein af tilgreindum skuldum Bakkalax hf. við bankann og skyldi greiðast með bréfum Atvinnutryggingasjóðs. Vitnið staðfesti fram lagt bréf, sem það sagði undirritað af Magnúsi Gíslasyni, útibússtjóra Landsbankans, Selfossi, þar sem bankinn samþykkir að kaupa af Bakkalaxi hf. skuldabréfið frá Atvinnutryggingasjóði útflutningsgreina.

Vitnið Jakob Havsteen hdl. kvaðst hafa haft skuldabréfið nr. 24152 til innheimtu, og hefði bréfið, svo sem ritað hefði verið á það, verið innleyst af hlutafélaginu Bakkalaxi 23. ágúst 1993. Vitnið kvaðst áður hafa beðið um uppboð á hinni veðsettu eign skv. skuldabréfinu, en þá fengið þær upplýsingar frá sýslumanni í Neskaupstað, að eignin hefði verið seld á nauðungaruppboði, án þess að nokkuð hefði fengist greitt upp í skuldina skv. bréfinu. Kvaðst vitnið hafa fengið þau skilaboð frá Landsbankanum, að frekari innheimtuaðgerðir vegna skuldabréfsins væru óþarfar, þar sem Bakkalax hf. hefði innleyst bréfið.

Að lokinni skýrslugjöf síðastgreindra tveggja vitna fyrir dómi óskaði stefnandi eftir að gefa skýrslu að nýju og kvað vera réttast að rekja feril þessa veðskuldabréfs nr. 24152 „frá upphafi til enda“, eins og hann komst að orði. Sagði stefnandi, að eftir að hann hefði framselt bréfið Landsbankanum og tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á því, hefði hann „ráðstafað andvirðinu inn á afurðalán og viðbótarlán hjá einkafirmanu Bakkalaxi“. Hefði það að öllum líkindum verið 12. nóvember 1987. Síðan hefðu innheimtutilraunir Landsbankans ekki skilað árangri og hann því verið krafinn

um greiðslu skv. sjálfskuldarábyrgð. Árið 1990 hafi sú ákvörðun verið tekin hjá Bakkalaxi hf. að greiða með bréfum Atvinnutryggingasjóðs allar skuldir Bakkalax hf. við Landsbankann, þ. á m. títtnefnt veðskuldabréf. Hins vegar kveðst stefnandi hafa gert þetta með þeim hætti, að hann hafi greitt Bakkalaxi hf. andvirði skuldabréfsins nr. 24152, „áður en eða um leið og ákvörðun er tekin um þessa heildarpóllú“, eins og stefnandi komst að orði. Við innlausn hafi á bréfið verið ritað „C/o Snorri Ólafsson“, þar sem innlausnin hafi verið vegna stefnanda persónulega, en ekki Bakkalax hf., þar eð Bakkalax hf. hefði áður fengið þessa peninga frá stefnanda persónulega. Til að taka af allan vafa um eign á þessari kröfu hafi svo framsalið 23. ágúst verið gert. Fram kom hjá stefnanda, að hann hefði setið í varastjórn Atvinnutryggingasjóðs útflutningsgreina, er lánið var veitt, en ekki tekið þátt í þeirri afgreiðslu.

Vitnið Sigurlína Guðmundsdóttir var vegna þessara skýringa stefnanda kölluð að nýju í dóminn. Kvaðst hún hafa vitað, að stefnandi hefði verið prókúruhafi fyrir Bakkalax hf. og orðin „C/o Snorri Ólafsson“ verið rituð í tilefni þess, og hafi textinn, sem ritaður hafi verið aftan á skuldabréfið, verið venjulegur.

VI. Niðurstöður.

Rétt er það, sem fram kemur í greinargerð stefnda, að talsverður munur er á málatilbúnaði stefnanda frá hinu fyrra máli vegna sömu lögskipta. Í fyrri stefnu er því haldið fram, að stefndi hafi gert samning við hlutafélagið Bakkalax hf., en í síðari stefnu sé þessu breytt í þá veru, að stefndi hafi keypt seiði af einkafirma stefnanda, Bakkalaxi. Þessi breyting á málatilbúnaði stangast á við það, sem komi fram í skjölum málsins, þar sem m. a. segi á framsalinu frá 23. ágúst 1990, fram lögðu af stefnanda, að stefnandi hafi fengið kröfuna framselda frá hlutafélaginu Bakkalaxi, sem stefnandi segi í stefnu, að aldrei hafi átt aðild að kröfunni. Þá kemur fram á sama dómskjali, sem undirritað er af stefnanda sjálfum, að Bakkalax hf. hafi selt seiðin. Einnig kemur fram á nefndu skuldabréfi, að hlutafélagið Bakkalax hafi leyst til sín bréfið frá Landsbanka Íslands, eftir að í ljós hafi komið, að ekkert hafi fengist greitt upp í það við sölu hinnar veðsettu eignar. Þá eru innheimtuaðgerðir hafnar í nafni hlutafélagsins Bakkalax, en ekki Bakkalax einkafirma, og var hið fyrra dómsmál rekið á þeim forsendum.

Vegna útivistar stefnda og með hliðsjón af gangi málsins var með dómi Héraðsdóms Austurlands 26. maí sl. þrátt fyrir að mörgu leyti misvísandi gögn ekki talið rétt að bera bríður á fullyrðingar stefnanda um, að Bakkalax hf. hefði aldrei átt efnislegan rétt á kröfu vegna kaupa á 27-28.000 seið-

um, heldur hefði verið um að ræða misritun við innlausn skuldabréfsins nr. 24152. Hefði bréfið verið gefið út til tryggingar skuldinni, en ákvæði bréfsins hefðu að geyma greiðsluskilmála vegna seiðakaupanna, þannig að greiðsla skv. bréfinu teldist fullnaðargreiðsla á skuldinni. Hafi framsalið frá 23. ágúst 1990 komið til vegna þessara mistaka hjá stefnda og/eða starfsmanni Landsbanka Íslands, Selfossi, þar sem stefnandi hafi í raun innleyst bréfið persónulega.

Hafi stefnandi einnig gert þau mistök, er hann útbjó framsalið, að tala um, að samningurinn hefði verið á milli Bakkalax hf. og Mánalax, en ástæða þess hafi verið ofangreind mistök við áritun á bréfið. Var niðurstaða dómsins m. a. studd því, að með framburði stefnanda sjálfs og þess vitnis, sem þá hafði gefið skýrslu, Finns Garðarssonar, þótti sannað, að munnlegur samningur um kaup á 27-28.000 seiðum hefði verið gerður, þó að af framburði vitnisins yrði ekki fullyrt, hvort stefnandi persónulega eða Bakkalax hf. hefði átt í viðskiptunum. Sú staðreind, að stefndi hefði umrætt skuldabréf nr. 24152 undir höndum, leiði líkur að eign hans að kröfunni, auk þess sem stefndi hefði persónulega framselt skuldabréfið Landsbanka Íslands, Selfossi, og ábyrgst greiðslu þess. Af svokallaðri kaupnótu skuldabréfa frá Landsbanka Íslands mátti ætla, að stefnandi sjálfur, en ekki Bakkalax hf., hefði selt bankanum veðskuldabréfið nr. 24152.

Í nefndu samkomulagi eða móttökukvittun er vísað til þess, að hin seiðin 8.436 séu hluti af 27-28.000 seiðum, sem einkafirma stefnda muni síðar taka við samkvæmt samkomulagi. Fyrir dómi 26. janúar 1994 kvað stefnandi samkomulag um söluna á 27-28.000 seiðum hafa verið gert, áður en skjalið hefði verið ritað, en samkomulagið hefði aldrei verið skráð, og ekki kvaðst stefnandi muna, hvort vottar hefðu verið að samkomulaginu.

Af framburði vitnanna Finns og Vífils og nefndri móttökukvittun eða samkomulagi verður talið, að samningur um kaup á nefndum seiðum hafi komist á, þó að alls ekki sé að sjá af framburði þeirra, milli hverra viðskiptin urðu. Virðist framburður Finns frekar styðja það, að Bakkalax hf. hafi átt hlut að máli, en ekki stefndi persónulega eða einkafirma hans.

Dómurinn telur, að fullnægt sé skilyrðum b-liðar 141. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og því beri að taka tillit til þeirra nýju sönnunargagna, sem fyrir dóminn voru lögð eftir endurupptöku málsins.

Fyrirtækið Bakkalax hf. hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, en þeim skiptum er ekki lokið. Samkvæmt fram lögðum ljósrítum af stofnsamningi og af stofnfundargerð og endurriti úr skiptabók Árnessýslu er það rétt hjá stefnda, að hlutafélagið Bakkalax var stofnað 22. desember 1986, en ekki ári síðar, eins og stefnandi hélt upphaflega fram í greinargerð. Stefnandi

hefur einnig sagt, að Bakkalax hf. hafi ekki tekið við rekstri fiskeldisstöðvar einkafirmans Bakkalax fyrr en um áramótin 1987/1988. Hins vegar verður ekki fullyrt, hvort einkafirma stefnanda hafi lagt niður alla starfsemi sína. Samkvæmt framburði stefnanda fyrir dómi og nefndum gögnum um Bakkalax hf. átti stefnandi 45% hlutafjár í Bakkalaxi hf., kona stefnanda 35% og sonur 10%, en tveir aðrir aðilar 5% hvor. Stefnandi var sjálfur framkvæmdastjóri hlutafélagsins.

Framburður þess starfsmanns Landsbanka Íslands, Selfossi, sem sá um viðskipti bankans við Bakkalax hf., var mjög skýr um, að veðskuldabréfið nr. 24152 hefði verið eign Bakkalax hf. eftir innlausn þess 23. ágúst 1990 og að engin mistök hefðu orðið við áritun um innlausn. Framburður þessa vitnis, lögmanns bankans og að nokkru leyti stefnanda sjálfs auk flestra annarra gagna málsins, sem rakin hafa verið, leiða alls ekki í ljós, að stefnandi hafi þurft að greiða bankanum nefnt bréf, heldur hafi Bakkalax hf. greitt bréfið og aðrar skuldir sínar við Landsbankann, Selfossi, með skulda-bréfi Atvinnutryggingasjóðs útflutningsgreina.

Þá eru framangreindar skýringar, sem stefnandi gaf við meðferð málsins 24. nóvember sl., eftir að vitni höfðu gefið skýrslur, ekki til að varpa frekar ljósi á málið, heldur virðist sem stefnandi sé allt að því að koma með nýja málsástæðu, þ. e., að hann hafi greitt Bakkalaxi hf. skuldina skv. bréfinu, en ekki Landsbankanum, eins og hann hélt fram í þinghaldi 26. janúar sl. Vegna þess eigi nú að miða við hið óljósa framsal Bakkalax hf. á kröfunni til hans 23. ágúst 1990, en ekki við það, að framsalið hafi komið til vegna mistaka við áritun á bréfið, eins og haldið var fram, er málið var síðast tekið til dóms.

Ósönnuð telst sú fullyrðing stefnanda, að hann hafi greitt Bakkalaxi hf. kröfuna skv. bréfinu. Þrátt fyrir það að stefndi hafi með höndum títtnefnt skuldabréf, sem telja verður, að staðið hafi til tryggingar seiðaviðskiptum, þykir framburður vitna og gögn, sem lögð voru fram eftir endurupptöku málsins og rakin hafa verið, leiða til þeirrar niðurstöðu, að gegn mótmælum stefnda hafi stefnanda ekki tekist að sanna, að hann persónulega, en ekki Bakkalax hf., hafi átt í viðskiptunum við stefnda um seiðasöluna. Verður stefndi því dæmdur sýkn vegna aðildarskorts.

Vegna ákvæða 3. mgr. 141. gr. laga nr. 91/1991 þykir verða að dæma stefnda til að greiða þann málskostnað, sem áður hafði verið ákveðinn, en hins vegar skal annar málskostnaður falla niður.

Ólafur Börkur Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

1944

D ó m s o r ð:

Stefndi, Gylfi Gunnarsson, kt. 270740-2789, er sýkn af kröfum stefnanda, Snorra Ólafssonar, kt. 290844-4289.

Stefndi greiði stefnanda 350.000 krónur í málskostnað.
